

Alþingi
Erindi nr. P 140/1227
komudagur 29.2.2012

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

Umsögn/393. mál . Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011 - 2022.

Sendandi: Trausti Sveinsson
Bjarnargili Fljótum Skagafirði

1. Umsögn: Þegar stjórnvöld tóku ákörðun um gerð Héðinsfjarðarganga ásamt vegtengingum á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar var farið að einu og öllu að tillögum nefndar, sem þáverandi ráðherra skipaði. Niðurstaða nefndarinnar var þessi í lokaskýrslu frá nefndinni, orðrétt.: **"Það er niðurstaða samráðshópsins að mæla með því að svonefnd Héðinsfjarðarleið verði valin."** Síðan segir einnig.: **"Samráðshóðurinn leggur einnig til að að vegurinn um Lágheiði verði endurbyggður sem góður sumarvegur. Lögð verði áhersla á að vegir í byggð, sitt hvoru megin heiðarinnar, verði sem allra fyrst endurbyggðir sem góðir heilsárs vegir."**

Ekkert hefur verið hafist handa við vegagerð sitt hvoru megin við Lágheiðina. Það var skilningur okkar Fljótamanna að þessar framkvæmdir væru eitt verkefni og því er ekki búið að klára Héðinsfjarðarleiðarverkefnið. Því er það okkar mat að það sé skylda stjórnvalda að tryggja fjármagn í þessar framkvæmdir svo þær klárast á næsta framkvæmda tímabili 2011 - 2014. (Sjá fylgiskjal.)

2.) Umsögn: Brýn nauðsyn ber til að endurbyggja veginn frá Siglufjarðarvegi við Móshöfða í Vestur Fljótum að bryggjunni í Haganesvík ca. 2 km. Endurbyggja þarf bryggjuna, en brotnaði í miklu óveðri fyrir 3 árum, en Viðlagatryggingar greyddu ca. 30 millj. kr.til endurbótanna, en þær framkvæmdir hafa ekki verið gerðar enn. Tryggja þarf Fljótamönnum þessa lífæð að höfninni í Haganesvík. Það er búið að vera baráttumál íbúanna að fá varnargarð fyrir bryggjuna s.l. 40 - 50 ár. (Sjá fylgiskjal.)

3.) Umsögn: Þegar stjórnvöld ákváðu að velja Héðinsfjarðarleið, sem betri valkost en Fljótaleið í samgöngumálum á milli kjördæma og sveitarfélaganna nyrst á Tröllaskaganum, var ljóst að sú ákvörðun stjórnvalda yrði Fljótamönnum erfið því það kæmi mest í þeirra hlut að berjast fyrir 3. göngunum, þ.e frá Siglufirði og inn í Fljót. Það verður að treysta og skora á alla þingmenn í Norðvestur og Norðaustur kjördæmum að tryggja sem allra fyrst fjármagn til rannsókna á jarðgangaleiðum á milli þessara staða. Það verður að tryggja Fljótamönnum þá framtíðar og lífssýn að þeim verði tryggð öruggar og góðar samgöngur við Fjallabyggð til að getað notið allra þeirra þjónustu sem þar er í boði. **Við viljum setja þau tímamörk að framkvæmdir við jarðgangagerðina hefjist ekki síðar en árið 2019.** (Sjá fylgiskjal.)

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.
Fylgiskjöl/393.mál.

Sendandi: Trausti Sveinsson
Bjarnargili Fljótum Skagafirði

1.) Umsögn/fylgiskjal : Í mars 2008 gekk bréfitari á fund Iðnaðar og ferðamálaráðherra Össurar Skarphéðinssonar og greindi honum frá því fundist hefði frábær aðstaða fyrir lagningu skíðagöngubrauta í 700 m. h. inn af Lágheiðinni á Klaufabrekkunadal og allt að 17 km langar, sem væri mikils virði fyrir lengingu ferðamanna tímans. Þarna væri öruggur snjór á vetrum, sem hefur ekki verið í byggð á síðustu 10 árum. Þarna þyrfti bara að byggja aðstöðuhús og leggja veg að því. Engar lyftur. Þarna á dalnum er frábær aðstaða fyrir fjallaskíðun og Telemark. Fjöllin í kringum dalinn væru um 1.200 m.h. Össur bað mig að skrifa ráðuneytinu Formlegt bréf því það væri í gyldi samningur á milli samgöngu og Iðnaðarráðuneytisins að vegagerð að nýjum ferðamannastöðum hefðu forgang í fjárveitingum til samgömmála. Svo skall á kreppan og bréfið verður skrifað í næsta mánuði.

Vegagerð fram á Lágheiðina hefur því orðið tvöfalt gyldi til að efla atvinnu og lífsgyldi í Fljótum og Fjallabyggð

2.) Bréfitari. hefur í 4 ár unnið að verkefni sem ber nafnið " Sjálfbært samfélag í Fljótum." Aðalmarkmið verkefnisins er að byggja upp og finna atvinnu fyrir ungar fjölskyldur (10 - 15 störf), sem eiga ættir að rekja og vilja flytja í Fljótin. Þetta er alvöru og grýnlaust verkefni, því annars missum ekki skólann úr sveitinni og þá er hætt við að samfélagið okkar hrynji. Íbúum hefur fækkað úr 112 niður í ca.60 á síðustu 15 árum. Mestu atvinnuþýðingarnar möguleikar eru að mínum dómi í Haganesvík, ef hægt verður að byggja varnargarðinn við bryggjuna, en þá myndast höfn sem tryggir legurými fyrir ca. 25 til 30 smábáta. (160 til 180 millj. kr. framkvæmd). Til að það geti orðið þarf fyrst að byggja upp "lífæðina", þ.e. veginn fyrrnefndan upp á Móshöfðan (2 km.) Þaðan úr nágrenninu verður grjótið flutt í varnargarðinn góða. Mjög stutt er í gjöful fiskimiðin.

3.) Bréfitari lætur fylgja hér með kort af hans framtíðarsýn um fyrirhuguð jarðgöng og skipulag á norðan verðum Tröllaskaganum árið 2022. Einnig fylgir hér með uppfærsla af verkefninu, " Sjálfbært samfélag í Fljótum" á Mímdmeister formi. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um öll þau mörgu vandamál sem eru á vegslóðinni á milli Fljóta og Siglufjarðar á vetrum. Það kemur glögg fram á grafic myndinni. Í vetur hefur verið óvenju mikið um mikil hvassviðri á Siglufjarðarleið, allt að 25 - 28 m á sek.þegar hefur verið logn í mið Fljótum.



